



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2021  
Tilvisun: 2021040887/SBM

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla og framhaldsskóla (fagráð eineltismála)**

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 15. apríl 2021 um umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla og framhaldsskóla (fagráð eineltismála) (þskj. 1195, 716. mál á 151. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lagt til að styrkja lagastoð fagráðs eineltismála í grunnskólum og framhaldsskólum, m.a. tryggja heimild fagráðsins til að vinna með persónuupplýsingar.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

#### *1.*

Í lokamálslið 3. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir að fagráði eineltismála beri að upplýsa málsaðila um fyrirhugaða upplýsingaöflun samkvæmt ákvæðinu í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

Persónuvernd leggur til að sú fræðsla sem málsaðilum sé veitt verði ávallt skrifleg, eftir atvikum ásamt munnlegum skýringum. Byggir það meðal annars á því að með skriflegri fræðslu er betur tryggt samræmi á þeirri fræðslu sem veitt er. Þá veitir það ábyrgðaraðila jafnframt betri yfirsýn yfir hvaða fræðsla hafi verið veitt og hvenær.

Með vísan til framangreinds leggur Persónuvernd til eftirfarandi breytingu á ákvæðinu, svohljóðandi (viðbót skáletruð):


„Fagráði eineltismála ber að upplýsa málsaðila *skriflega* um fyrirhugaða upplýsingaöflun samkvæmt ákvæðinu í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.“



Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

  
Vigdís Eva Línal

  
Steinunn Birna Magnúsdóttir